# *Nr. 064 / 13 Guðríður RE 12*

## *Vélarvana og dregin til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 6757
*Smíðaður:* Hafnarfjörður 1986, plast
*Stærð:* 5,9 brl. 4,96 bt.
*Mesta lengd:* 7,98 m *Skráð lengd:* 7,88 m
*Breidd:* 2,58 m *Dýpt:* 1,53 m
*Vél:* Volvo Penta 119 kW, 2000
*Fjöldi skipverja:* 2

***Gögn:***
*Gögn RNS*




Guðríður©Þórður Adolfsson

*Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 22. maí 2013 var Guðríður RE 12 á strandveiðum í Faxaflóa. Veður: NNA 9-10 m/s og ölduhæð 1,5 m.

Þegar báturinn var staddur 9,8 sml. NNA af Garðskaga kom upp bilun í olíukerfi og óskað var eftir aðstoð. Það var Sæberg HF 112 sem dró Guðríði til Hafnarfjarðar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að smurolíuleki var frá olíuslöngu á smurolíukælinum og olíuþrýstingur féll;
- að skipstjóri taldi að þrykkingu á slöngunni hafi verið ábótavant. Ekki er vitað hvenær skipt var um þessa slöngu síðast.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.